

Umhverfisstofnun  
Áb. *FB B SR13*  
09. júlí 2018  
*08.12.01*  
Tilv. *UST201806-331*



Samherji fiskeldi ehf.  
Heiðdís Smáradóttir  
Glerárgötu 30  
600 Akureyri

UMHVERFIS- OG  
AUDLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík  
sími: 545 8600 postur@uar.is  
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 5. júlí 2018  
Tilv.: UMH18060081/20-1

Vísað er til erindis yðar frá 18. júní sl., þar sem sótt er um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir fiskeldisstöð Samherja fiskeldis ehf. (áður Íslandsbleikju) í Núpsmýri þar sem fyrir liggja að nýtt starfsleyfi verði ekki gefið út fyrr en eftir nokkrar vikur. Fram kemur í erindinu að ráðuneytið hafi veitt undanþágu frá starfsleyfi með bréfi dags. 26. júní 2017 þar sem fyrirséð hafi verið að Umhverfisstofnun yrði ekki búin að gefa út nýtt starfsleyfi áður en þágildandi leyfi rynni út. Fyrirtækið hafi sent tilkynningu um stækkun og aukningu á framleiðslumagni á Skipulagsstofnun í febrúar 2017. Þar hafi niðurstaðan verið sú að framkvæmdin kæmi ekki til með að hafa í för með sér veruleg umhverfisáhrif og þyrfti því ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum. Umsókn um nýtt starfsleyfi ásamt fylgigögnum hafi verið sett inn á gagnagátt Umhverfisstofnunar í lok maí 2017 og niðurstaða Skipulagsstofnunar send um leið og hún hafi borist. Jafnframt hafi umsókn um nýtt starfsleyfi og rekstarleyfi verið sett inn á gagnagátt Matvælastofnunar. Umhverfisstofnun hafi nýlega sent rekstaráðila drög að nýju starfsleyfi. Fram kemur að fiskeldi hafi verið stundað að Núpsmýri með ágætum árangri um áratuga skeið. Eldið hafi starfað án athugasemda Umhverfisstofnunar í mörg undanfarin ár og hafi fyrir nokkrum árum verið fært niður um áhættuflokk og heimsóknum fækkað úr tvisvar sinnum á ári í eina heimsókn á ári. Fyrirtækið hafi á undanförunum árum framleitt töluvert minna magn af fiski en starfsleyfið sem gefið var út árið 2015 er fyrir og ekki sé gert ráð fyrir að magnið fari fram úr þeim mörkum fyrr en á árinu 2019, ef tilskilin leyfi fáist til þess.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I–V, skuli hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. Ráðherra er heimilt, samkvæmt 3. mál. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi. Ráðuneytið sendi erindi yðar til umsagnar Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar með afriti á Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra.

Í umsögn Umhverfisstofnunar til ráðuneytisins dags. 4. júlí sl. kemur fram að Umhverfisstofnun vinni nú að starfsleyfi fyrir starfseminna og verði tillaga að starfsleyfi auglýst fljótlega. Hins vegar náðist ekki að gefa út starfsleyfi áður en undanþága frá starfsleyfi rann út þann 1. júlí. sl. Stofnunin hafi beðið eftir því að deiliskipulag lægi fyrir vegna starfseminnar. Samkvæmt upplýsingum stofnunarinnar mun deiliskipulag liggja fyrir fljótlega. Stofnunin geri ekki athugasemdir við að starfseminni verði veitt undanþága þar til nýtt starfsleyfi verði gefið út.

Í umsögn Matvælastofnunar frá 3. júlí 2018 kemur fram það álit stofnunarinnar að bregðast eigi á jákvæðan hátt við ósk Samherja fiskeldis ehf. vegna beiðni um undanþágu frá starfsleyfi. Matvælastofnun vinni að útgáfu nýs rekstrarleyfis vegna starfsemi fyrirtækisins að Núpsmýri og eldra starfsleyfi sé enn í fullu gildi.

Að fenginni framangreindum umsögnum Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar og í samræmi við 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, veitir ráðuneytið Samherja fiskeldi ehf., hér með tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir fiskeldisstöð Samherja fiskeldis ehf. í Núpsmýri.

Undanþágan er bundin þeim skilyrðum að Samherji fiskeldi ehf. í Núpsmýri, fylgi ákvæðum þeim sem koma fram í starfsleyfi fyrir Íslandsbleikju ehf. Öxarfirði sem gefið var út 1. júlí 2015, sbr. starfsleyfi sem upphaflega var gefið út 14. júní 2005.

Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út en eigi lengur en til 1. febrúar 2019.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbjörg Sæmundsdóttir



Laufey Helga Guðmundsdóttir

Afrit:  
Umhverfisstofnun  
Matvælastofnun  
Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra